

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM
III. hluti

Helstu tegundir verðbréfa
Afleiður 20%
Guðmundur Björnsson

Miðvikudagur 23. apríl

Prófið er 4 blaðsíður

Öll námsgögn leyfileg

Vinsamlegast svarið krossaspurningum á prófið sjálf

Merkja skal prófið með prófnúmeri

Gangi ykkur vel!!

Prófnúmer: _____

Spurning 1

Fyrirtæki gerði gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamning (swap) við bankann sinn fyrir nokkru. Fyrirtækið greiðir fljótandi 3 mánaða vexti í USD en fær frá bankanum fasta 12% ISK vexti (greiddir hálfárslega). Höfuðstóllinn er 100 m. kr. og gengi USD/ISK var 100 þegar samningurinn var gerður. Síðast þegar breytilegir vextir voru reiknaðir voru þeir 4,5%. Nú eru 13 mánuðir eftir af samningnum og fyrirtækið vill losa sig út úr samningnum. Hver borgar hverjum hvað í ISK ef eingreiðsluvextir eru og gengi USD/ISK er 85.

T	R _{1/12}	R _{4/12}	R _{7/12}	R _{10/12}	R _{13/12}
ISK	15,5%	15%	14%	13,5%	12,5%
USD	3%	2,75%	2,5%	2,5%	3%

(vaxtagreiðslur reiknast sem flatir vextir, en núvirðing miðast við samfellda vexti)

- A. Fyrirtækið greiðir bankanum upphæð á bilinu 18,01 – 19 m.kr
- B. Bankinn greiðir fyrirtækinu upphæð á bilinu 18,01 – 19 m.kr
- C. Fyrirtækið greiðir bankanum upphæð á bilinu 17,01 – 18 m.kr
- D. Bankinn greiðir fyrirtækinu upphæð á bilinu 17,01 – 18 m.kr

Spurning 2

Þér býðst að kaupa framvirkan samning á hlutabréf í ZXY. Samningurinn var gerður fyrir 1 mánuði og var þá til þriggja mánaða. Samningsverðið er 4 sem er jafnt stundagenginu nú og það nafnverð hlutabréfa sem liggur að baki samningnum er 10 m. Kr. Hvað ertu tilbúin(n) að borga fyrir samninginn þegar fyrir liggja eftirfarandi upplýsingar. Vextir til tveggja mánaða eru 6%.

- A. Framvirkur samningur er alltaf verðlaus
- B. 176.000
- C. 398.000
- D. 40.000

Spurning 3

Stundargengi evru er 157 jen. Vextir í EUR til 5 mánaða eru 4% og 1% í JPY. Hvert er þá framvirkt verð evru gagnvart jeni til 5 mánaða? (vextirnir hér að ofan eru veldis/samfelldir vextir og eru á ársgrundvelli).

- A. 158,01-159,00
- B. 157,01-158,00
- C. 156,01-157,00
- D. 155,01-156,00

Spurning 4

Fyrir 7 mánuðum síðan gerði einstaklingur framvirkan samning við bankann sinn um sölu á hlutabréfum eftir 10 mánuði. Samningurinn hljóðaði upp á 1.000.000 kr. að nafnverði. Í dag þegar 3 mánuðir eru eftir af samningnum er hann 1.500.000 kr. virði fyrir bankann og gengi hlutabréfanna er 50 kr. pr. hlut.

Vextir til 3 mánaða núna eru 11% á ársgrundvelli (samfelldir). Vextir til 10 mánaða fyrir 7 mánuðum voru 10% á ársgrundvelli. Hvert var stundargengið þegar þessi samningur var upphaflega gerður (fyrir 7 mánuðum síðan)?

- A. 45,01-47,00
- B. 47,01-49,00
- C. 49,01-51,00
- D. Ekkert af ofangreindu er rétt

Spurning 5

Hlutabréf í ABC eru til sölu á genginu 100 kr. Ekki er fyrirhugað að greiða arð á næstu mánuðum en fjárfestum bíðst að kaupa sölurétt eða kauprétt á ABC til hálfis árs. Valréttirnir eru evrópskir með samningsgengi 105 kr. Kauprétturinn kostar 10 kr. og vextir til eins árs eru 15,5%. Hvað kostar sölurétturinn ?

- A. 6,01 – 7,00
- B. 7,01 – 8,00
- C. 8,01 – 9,00
- D. 9,01 – 10,00

Spurning 6

Björn ætlar að kaupa sér kauprétt á dollara gagnvart krónu. Valrétturinn er til 6 mánaða og samningsgengi samningsins er jafnt stundargenginu eða 75 kr. pr. dollara. Björn fær verð frá bankanum sínum og kostar kauprétturinn 1% af undirliggjandi upphæð. Hann hugsar sig um í smá tíma og hringir svo aftur í bankann sinn, þá er honum tilkynnt að vextir í Bandaríkjunum hafa lækkað um 1%. Að öllu öðru óbreyttu, hvaða áhrif hefur þetta á verð kaupréttarins?

- A. Verðið er ennþá það sama
- B. Verðið er hærra
- C. Verðið er lægra
- D. Ekki er möglegt að svara með núverandi upplýsingum

Spurning 7

Gerum ráð fyrir að verð hlutbréfs sem greiðir arð sé núna \$1100. Þú ætlar að selja hlutabréfið eftir 210 daga. Til þess að verjast hugsanlegri lækkun yfir tímabilið þá gerir þú framvirkan sölusamning á hlutabréfið til 210 daga. Áhættulausi vaxtaferillinn er flatur 15% á ársgrundvelli. Á næstu 270 dögum, verður greiddur arður samkvæmt eftirfarandi:

Dagar í arðgreiðslur	Arðgreiðsla per hlut
30	\$12,0
120	\$12,0
200	\$12,0
270	\$12,0

Á gjalddaga er verðið á hlutabréfunum \$1200. Reiknið virðið á framvirka samningnum per hlut á gjalddaga fyrir þann sem seldi framvirkt.

- | | |
|----|-----------------------------------|
| A. | Tap 0,01- 50 kr. per hlut |
| B. | Hagnaður 0,01 -50 kr. per hlut |
| C. | Tap 50,01 – 100 kr. per hlut |
| D. | Hagnaður 50,01 – 100 kr. per hlut |

Spurning 8

Stundargengi hlutabréfa XZY er 9,00. Vextir til 6 mánaða eru 11% (samfelldir á ársgrundvelli). Vænt ávöxtun hlutabréfanna er 10% en staðalfrávikkið er 16,5%. Markaðsaðilar vænta þess að enginn arður verði greiddur út á næstu 6 mánuðum. Hægt er að gera framvirkan samning á hlutbréfin til 6 mánaða á genginu 9,20. (Það er hægt að taka lán og fjárfesta á sömu vöxtum). Miðað við þær forsendur sem eru hér að ofan, hver fullyrðinganna hér að neðan er réttust?

- | | |
|----|--|
| A. | Engir högnunarmöguleikar eru á markaðnum |
| B. | Hægt væri að taka lán til 6 mánaða, kaupa bréfin á stundargenginu, gera framvirkan 6 mánaða sölusamning, endurgreiða lánið að 6 mánuðum liðnum og fá áhættulausan hagnað |
| C. | Hægt væri að fá lánuð bréf selja þau á stundargenginu og leggja andvirðið inn á vaxtaberandi reikning, gera framvirkan 6 mánaða kaupsamning, afhenda þeim sem lánaði bréfin þau aftur eftir 6 mánuði og fá áhættulausan hagnað |
| D. | Ekkert af ofangreindu er rétt |